

Nú

193. Nefndarálit

um frumvarp til laga um atkvæðagreiðslur utan kjörstaða við alþingiskosningar.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefir athugað frumvarp þetta vandlega og er öll sammála um, að nauðsynlegt sje að breyta til muna gildandi lögum um atkvæðagreiðslur utan

kjörstaða, til þess að gera þær kosningar eins öruggar og á kjörstað. Nefndin er sammála um að mæla með frumvarpinu með eftirfarandi

BREYTINGUM.

1. Við 1. gr. Í staðinn fyrir orðin »Sjómenn og aðrir« i upphafi greinarinnar komi: Þeir kjósendur.
2. Við 2. gr.
 - a. Þriðja málsl. 1. málsg. skal orða svo: Kjörblöð skulu vera úr haldgóðum pappír, með mismunandi lit við hverjar kosningar, og svo þykkum, að skriftin verði ekki greind í gegnum hann.
 - b. Fímti málsl. 1. málsg. orðist svo: Hver 25 kjörblöð skulu vera heft saman.
 - c. 2. málsg. skal orða svo:
Kjörblað skal lita þannig út: (sjá fylgiskjal).
 - d. Aftan við fyrri másl. 3. málsg. komi: og fylgibrjefið með honum áföstum einbrotið saman.
 - e. Annar másl. 4. málsg. orðist svo: Kjörstjórar utan kjörstaða samkvæmt lögum þessum eru: Sýslumenn, bæjarfógetar, fulltrúar þeirra, hreppstjórar, svo og skipstjórar á íslenskum skipum, enda gefi þeir drengskaparyfirlýsingu, um leið og þeir taka við kjörgögnum, um, að kosning í skipi þeirra fari fram samkvæmt fyrirmælum þessara laga og að engir aðrir greiði þar atkvæði en lögskráðir skipverjar.
 - f. Kjörblaðsfyrirmyndin fellur burt.
3. Við 3. gr. Í stað orðanna »ritar með eigin hendi« í 1. málsg. kemur: ritar eigin hendi með bleki.
4. Við 4. gr.
 - a. Annar másl. 1. málsg. orðist svo: Kjörstjóri eða kjósandi útfyllir því næst vottorðið á fylgibrjefinu og kjósandi undirskrifar það, en kjörseðilinn má ekki undirskrifa eða auðkenna á nokkurn hátt, nje losa hann frá fylgibrjefinu.
 - b. Aftan við 4. málsg. bætist: Kjörstjóra er þó skylt, ef kjósandi óskar þess, að koma brjefinu á póst.
5. Við 5. gr.
 - a. Þriðja másl. 1. málsg. skal orða svo: Skulu brjef þessi varðveitt i venjulegum atkvæðakassa, innsigliðum af kjörstjóra, og er frambjóðendum eða umboðsmönnum þeirra heimilt að setja á hann innsigli sitt.
 - b. 4. málsg. skal orða svo:
Kjósandi getur jafnan krafist þess af hverjum þeim, er varðveitir brjef með atkvæði hans, sje það ekki varðveitt í innsigliðum atkvæðakassa, að hann afhendi sjer það, alt þar til atkvæðið hefir verið tekið gilt af undirkjörstjórn.
6. Við 7. gr. 2. Í stað orðsins »listabókstafur« kemur: listi.

7. Við 8. gr.

- a. 2. másl. orðist svo: Ennfremur er það skylda skipstjóra á íslenskum skipum, þá er fyrirskipaðar eru nýjar kosningar, aukakosningar eða nppkosningar, að láta skipshöfnina vita um kjördaginn jafnskjótt og þeir vita um kosninguna, og mega þeir ekki neita skipshöfninni um að kjósa í skipi, eða neita sjómanni um landgönguleyfi til að greiða atkvæði hjá íslenskum stjórnarvöldum, nema því aðeins, að óhjákvæmileg störf á skipinu, sem enga bið þola, hindri.
 - b. Síðasti másl. orðist svo: Brot gegn þessu varða alt að 1000 króna sektum, er renna í rikissjóð.
8. Alstaðar þar, sem orðið »stjórnarráðið« kemur fyrir í frumvarpinu, skal koma í þess stað: dómsmálaráðuneytið.
9. Á eftir síðustu grein frumvarpsins kemur kjörblaðsfyrirmynd eins og í fylgiskjalinu, sem hér fer á eftir.

Alþingi, 15. febrúar 1928.

Gunnar Sigurðsson,
formaður.

Hjediinn Valdimarsson,
frsm. og fundaskrifari.

Magnús Guðmúndsson.

Hákon J. Kristófersson.

Bernh. Stefánsson.

Fylgiskjal.

**Fyrirmynd að stofni, fylgibrjefi með árituðu vottorði,
og kjörseðli.**

Nr.
(Nafn og fódurnafn kjósanda).

.....
(Staða, heimili, hreppsnafn eða kaupstaðar).

Kaus
(Staður, dagsetning og ár).

Hjá
(Staða).

Nr.
Jeg
(Nafn og fódurnafn kjósanda, staða, heimili, hreppsnafn eða kaupstaðar).

sem vegna fjarveru get ekki sótt kjörþing á kjörstað minum, legg það undir drengskap minn og mannorð, að jeg þvingunarlaust, aðstoðarlaust, í einrúmi og án þess að nokkur maður hafi sjð hefi útfyllt viðfestan kjörseðil og limt hann aftur. Á sama hátt lýsi jeg því yfir, að jeg hefi engan annan kjörseðil frá mjer sent og hefi ekki kosið eða mun kjósa annarsstaðar.

.....
(Staður, dagsetning og ár).

.....
(Undirskrift kjósanda).

Að hafi undir-
(Fult nafn og heimili kjósanda).

skrifað fylgibrjef, sem er rjett dagsett, og að þar umgetinn kjörseðill sje útfylltur aðstoðarlaust og þvingunarlaust og í einrúmi vottar undirritaður.

Vitundarvottar:
(Staða vottorðsgefanda og heimili).

.....
(Nafn).

